



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 6. maí, 2010

Ákvörðun nr. 12/2010

Yfirtaka Arion banka hf. á Drögum ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi sem barst Samkeppniseftirlitinu 8. mars. 2009 tilkynnti Arion banki hf. (hér eftir Arion banki) stofnuninni um yfirtöku sína á Drögum ehf. (hér eftir Drög). Var samrunaskráin í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og reglur nr. 854/2008. Með bréfi dags. 14. desember 2010 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til þess að rannsaka samrunann frekar.

Þann 1. mars 2010 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá IP verktökum ehf. (hér eftir IPV) í hverju tilkynnt var um yfirtöku félagsins á Íslenskum aðalverktökum hf. (hér eftir ÍAV). Með bréfi dags. 8. mars óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að Arion banki tilkynnti um áhrif þess samruna á yfirtöku bankans á Drögum í samræmi við 5. mgr. 9. gr. Barst svar Arion banka með bréfi dags. 12. mars. Samkeppniseftirlitið tilkynnti Arion banka að nauðsynlegt væri að nýta heimild 1. mgr. 17. gr. d til þess að framlengja frest þann sem 1. mgr. 17. gr. mælir fyrir um.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður í yfirráðum til frambúðar við það að fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki. sbr. b-liður 1. mgr. Samkeppniseftirlitið telur að yfirtaka Arion banka á öllu hlutafé í Drögum teljist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Samkvæmt samrunaskrá er Arion banki viðskiptabanki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 auk þess sem bankinn rekur ýmsa hliðar- og tímabundna starfsemi í samræmi við ákvæði 21. og 22. gr. sömu laga. Á meðal félaga undir yfirráðum Arion banka eru Keldur eignarhaldsfélag ehf. sem fer með yfirráð yfir Valitor Holding hf., Landfestar ehf., Landey ehf., Hafrahlíð ehf. sem hefur með höndum rekstur bílaumboðsins Heklu, Penninn á Íslandi ehf., 1998 ehf. sem hefur með höndum rekstur Haga og Þyrping ehf.

Drög eru samkvæmt samrunaskrá móðurfélag ÍAV, Ármannsfells ehf., Álfaróss ehf., og Þrengsla ehf. Samrunaaðilar áætla að staða ÍAV sé sterk en ekki er fjallað ítarlega um starfsemi annarra dótturfélaga Draga í samrunaskrá. Hefur Samkeppniseftirlitið aflað sér ýmissa upplýsinga um markaðinn m.a. frá samrunaaðilum. Benda upplýsingar Samkeppniseftirlitsins til þess að markaðshlutdeild dótturfélaga Draga sé lág, ef frá er



talin starfsemi ÍAV, enda starfsemi þeirra óveruleg. Starfsemi félaganna skv. bréfi Arion banka dags. 12. mars felst í umsjón með lóðakaupum, þróun og sölu byggingarlóða.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að ef samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Eins og rakið er í I. kafla hér að framan seldi Arion banki starfsemi ÍAV á meðan á rekstri máls þessa stóð, sbr. og ákvörðun nr. 11/2010, *Kaup IP verktaka ehf. á Íslenskum aðalverktökum hf.* Eftir þá sölu telur Samkeppniseftirlitið að ekki sé tilefni til að ætla að samruni þessa máls raski samkeppni skv. þeim viðmiðunum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga, eða úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu.*

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar vegna samruna Arion banka hf. og Draga ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson